

Páll Ólafsson (1908-1982), bóndi og verkamaður

Afhending 2021/50

Páll Ólafsson fæddist 27. nóvember 1908 á Sörlastöðum í S-Þingeyjarsýslu. Foreldrar hans voru hjónin Ólafur Pálsson (1874-1962), bóndi og Guðrún Ólafsdóttir (1882-1956), húsfreyja.

Páll stundaði nám við Laugaskóla tvo vetur, en fyrri hluta starfsævinnar stundaði hann búskap á Sörlastöðum með foreldrum sínum.

Árið 1940 giftist Páll Huldu Guðnadóttur (1913-2002). Þau eignuðust tvo syni en hjúskap þeirra lauk árið 1942.

Eftir andlát móður Páls árið 1956 flutti fjölskyldan til Akureyrar, þar sem Páll bjó ásamt systur sinni, Jórunni Ólafsdóttur (1920-2000). Á Akureyri vann Páll sem iðnverkamaður.

Páll lést 15. janúar 1982.

Afhendingin barst frá Haraldi Þór Egilssyni starfsmanni á Minjasafninu á Akureyri. Þetta er eina afhendingin sem safninu hefur borist frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

21. júní 2022

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

| Skjalaf. | Askja | Örk | Tímabil | Efni |
|----------|-------|-----|---------|------|
|----------|-------|-----|---------|------|

2021 / 50

A - Páll Ólafsson**A - Páll Ólafsson****1965 - 1971**

| | | | | |
|---|---|---|-------------|---|
| A | 1 | 1 | 1965 - 1971 | Nafnskírteini Páls (1965); félagakort í KEA (óárs.); félagsskírteini í löðu, félagi verkafólks (1965, 1966 og 1971) |
|---|---|---|-------------|---|